(9) Áhafnir þær, sem tilgreindar eru í 3. tl. 7. gr. og heyra, þá er samningur þessi gengur í gildi, undir lúxemborgíska löggjöf, skulu eiga þess kost, innan tveggja ára, að hlíta þeirri löggjöf, þar með töldum slysatryggingum.

41. gr.

(1) Hvort samningsríki um sig skal tilkynna hinu skriflega þegar fullnægt hefur verið stjórnarskrárlegum formsatriðum sem þarf til þess að samningur þessi geti tekið gildi.

(2) Samningur þessi tekur gildi frá og með fyrsta degi þriðja mánaðar eftir dagsetningu hinnar síðari þessara tilkynninga.

42. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn. Hvort samningsríki um sig getur sagt honum upp. Uppsögn skal tilkynna í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok almanaksárs. Samningurinn fellur þá úr gildi í lok þess árs.

43. gr.

(1) Í því tilviki að samningi þessum verði sagt upp skal allur réttur sem stofnast hefur samkvæmt ákvæðum hans haldast.

(2) Réttur sem er að stofnast, varðandi tímabil sem áunnin eru áður en uppsögn samningsins tekur gildi, tapast ekki með uppsögninni. Um síðara gildi skal úrskurðað með samkomulagi eða, sé slíku samkomulagi ekki til að dreifa, samkvæmt löggjöf þeirri sem hlutaðeigandi stofnun starfar eftir.

Gjört í Lúxemborg 11. desember 1989 í tvíriti á íslensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir lýðveldið Ísland	Fyrir Stórhertogadæmið Lúxemborg
Guðmundur Bjarnason	Johny Lahure Jacques F. Poos

14. nóvember 1991 Nr. 28

AUGLÝSING

um samning við Efnahagsbandalag Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar.

Hinn 24. október 1991 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar sem undirritaður var í Brussel 9. október 1991. Samningurinn öðlaðist gildi 1. nóvember 1991.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bréfaskipti um framkvæmd samningsins eru birt sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 14. nóvember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar.

Lýðveldið Ísland, hér á eftir nefnt „Ísland", og
Efnahagsbandalag Evrópu, hér á eftir nefnt „bandalagið",
sem hér á eftir eru nefnd „samningsaðilar",

ÞAR SEM bandalagið hefur samþykkt framkvæmdaáætlun EB um nemendaskipti, hér á eftir nefnd „ERASMUS";

ÞAR SEM samningsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta um samstarf á þessu sviði, sem hluta í víðtækara samstarfi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á sviði menntunar og starfsþjálfunar, með það að markmiði að efla virka og samræmda þróun á þessu sviði;

ÞAR SEM samstarf bandalagsins og Íslands sér í lagi, með það að leiðarljósi að ná markmiðunum sem ERASMUS voru sett í tengslum við samstarfsnet milli háskóla þar sem bandalagið og EFTA-ríkin taka þátt sem ein heild, eflir áhrif ERASMUS-aðgerða eðli sínu samkvæmt þannig að tæknikunnátta fólks á Íslandi og innan bandalagsins komist á hærra stig;

ÞAR SEM samningsaðilar vænta þess, þar af leiðandi, að hafa gagnkvæman hag af þátttöku Íslands í ERASMUS;

ÞAR SEM árangursríkt samstarf á þessu sviði felur í sér almenna skuldbindingu beggja aðila til að örva nemendaskipti;

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Komið skal á samstarfi milli bandalagsins og Íslands sem byggir á samstarfi milli háskóla og nemendaskiptum í tengslum við framkvæmd ERASMUS. Aðgerðir ERASMUS-áætlunarinnar er að finna í viðauka I.

2. gr.

Í samningi þessum er hugtakið „háskóli" notað um allar tegundir menntastofnana og starfsþjálfunarskóla að loknu framhaldsskólastigi, sem bjóða upp á, þar sem það á við innan ramma æðri námsþjálfunar, starfsréttindi eða réttindapróf á því stigi, hvað svo sem slíkar stofnanir heita í ríkjum samningsaðila.

Nemendur, sem skráðir eru í þessar stofnanir, án tillits til þeirrar greinar sem þeir leggja stund á, koma til greina við úthlutun styrkja innan ERASMUS-áætlunarinnar, allt að og að meðtöldu doktorsnámi, að því tilskildu að námstíminn við gestaháskólann, sem er sambærilegur við námsefni heimaháskóla nemandans, sé hluti af starfsþjálfun nemandans.

ERASMUS-áætlunin nær ekki til starfsemi á sviði rannsókna og tækniþróunar.

3. gr.

Í samningi þessum, nema annað komi fram í grein þessari, skulu vísanir til aðildarríkja bandalagsins í viðauka I við samning þennan einnig teljast eiga við Ísland.

Að því er varðar hinar ýmsu ERASMUS-aðgerðir, skal þátttaka íslenskra háskóla í starfsemi á vegum ERASMUS háð sérstökum skilyrðum og reglum sem tilgreind eru í grein þessari.

1. Fyrsta aðgerð: Stofnun og starfræksla háskólanets innan Evrópu.

Efni og markmið þessarar aðgerðar skulu vera þau sem tilgreind eru í 1. aðgerð í viðauka I við þennan samning.

1) Háskólar á Íslandi mega formlega taka þátt í og þiggja fjármagn til þátttöku í samstarfi milli háskóla (IPC-samstarfið). Til að koma á samstarfsneti milli háskóla innan bandalagsins og á Íslandi skal forgangur veittur fjölþjóða samstarfi milli háskóla. Samkvæmt þessari meginreglu skal samstarf milli háskóla tengjast háskólum frá að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum bandalagsins. Hins

vegar skal samstarf milli háskóla með þátttöku eins háskóla eða fleiri frá að minnsta kosti einu aðildarríki bandalagsins hljóta undanþágu til að hljóta styrk á fyrsta ári framkvæmdar þessa samnings.

2) Starfsemi samkvæmt 1. aðgerð sem aðeins er á milli háskóla á Íslandi og í EFTA-ríki, jafnvel þótt það hafi gert samstarfssamning við bandalagið um ERASMUS, kemur ekki til greina þegar úthluta á styrkjum.

3) Við þær aðstæður, sem tilgreindar eru í 1. og 2. tl., skulu háskólar á Íslandi njóta góðs af aðgerðum sem getið er um hér á sama hátt og háskólar í aðildarríkjum bandalagsins og með sömu skilmálum.

2. Önnur aðgerð: ERASMUS-áætlunin um styrki fyrir nemendur.

Efni og markmið þessarar aðgerðar skulu vera þau sem tilgreind eru í 2. aðgerð í viðauka I við þennan samning.

1) ERASMUS-nemendastyrk má veita íslenskum nemendum til að auðvelda þeim námsdvöl í aðildarríki bandalagsins og gagnkvæmt. Nemendur þessir skulu vera ríkisborgarar eða hafa fasta búsetu í einhverju aðildarríki bandalagsins eða á Íslandi. Nemendum frá Íslandi verður ekki veittur styrkur til að auðvelda þeim námsdvöl í öðru EFTA-ríki (eða gagnkvæmt), jafnvel þótt það hafi gert samstarfssamning við bandalagið um ERASMUS.

2) ERASMUS-styrkjum til íslenskra háskólanema skal úthlutað af lögbæru yfirvaldi á Íslandi sem Ísland tilnefnir til þess.

3) Við þær aðstæður, sem tilgreindar eru í 1. og 2. tl., skulu háskólanemar frá Íslandi njóta góðs af aðgerðum, sem getið er um í 2. aðgerð í viðauka I við þennan samning, á sama hátt og háskólanemar frá aðildarríkjum bandalagsins og með sömu skilmálum.

3. Þriðja aðgerð: Ráðstafanir til að stuðla að tilflutningi með viðurkenningu háskóla á prófskírteinum og námstíma.

Efni og markmið þessarar aðgerðar skulu vera þau sem tilgreind eru í 3. aðgerð í viðauka I við þennan samning.

Viðeigandi stofnanir og aðilar á Íslandi mega taka þátt í og njóta góðs af aðgerðum sem getið er um hér á sama hátt og sambærilegar stofnanir og aðilar í aðildarríkjum bandalagsins og með sömu skilmálum.

4. Fjórða aðgerð: Viðbótaraðgerðir til að stuðla að tilflutningi nemenda innan bandalagsins.

Efni og markmið þessarar aðgerðar skulu vera þau sem tilgreind eru í 4. aðgerð í viðauka I við þennan samning.

Viðeigandi stofnanir og aðilar á Íslandi mega taka þátt í og njóta góðs af aðgerðum sem getið er um hér á sama hátt og sambærilegar stofnanir og aðilar í aðildarríkjum bandalagsins og með sömu skilmálum.

4. gr.

1. Ísland skal greiða árlegt framlag til fjármögnunar ERASMUS-áætlunarinnar, í fyrsta sinn á næsta almanaksári eftir að þessi samningur tekur gildi allt þangað til og að meðtöldu almanaksárinu er síðasta skólaárið hefst á og samningurinn gildir um.

2. Árlegt fjárframlag Íslands skal ákveðið í hlutfalli við þá upphæð sem á hverju ári er færð heildarfjárhagsáætlun ERASMUS-áætlunarinnar.

3. Hlutfallsstuðullinn sem ræður framlagi Íslands skal ákveðinn af hlutfallinu milli vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverðlagi og samanlagðri vergri landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverðlagi. Þetta hlutfall verður reiknað út á hverju ári á grundvelli nýjustu tiltækra hagtalna frá Efnahagssamvinnu- og framfarastofnuninni (OECD).

4. Í upphafi hvers árs skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna láta Ísland vita um upphæð fjárveitinga til ráðstöfunar það ár á fjárlögum bandalagsins að því er viðkemur ERASMUS-áætluninni. Bandalagið skal tilkynna Íslandi um breytingar á þessari upphæð sem kunna að verða á árinu.

5. Auk árlegs framlags sem tilgreint er í 1. tl. skal Ísland leggja fram sem nemur 4.400 evrópskum mynteiningum (ECU), ekki síðar en þegar samningurinn gengur í gildi, til að standa straum af kostnaði við það undirbúningsstarf sem framkvæmdastjórnin hefur unnið við framkvæmd þessa samnings.

6. Um fjárframlög Íslands til þróunar ERASMUS-áætlunarinnar skulu gilda þær reglur sem fram koma í viðauka II við þennan samning.

5. gr.

Með fyrirvara um þær sérstöku kröfur, sem nefndar eru í 4. gr. þessa samnings, um þátttöku háskóla frá Íslandi skulu skilmálar og skilyrði um hvernig umsóknir skulu lagðar fram og metnar og skilmálar og skilyrði fyrir úthlutun og gerð samninga samkvæmt ERASMUS-áætluninni vera hin sömu og þau er gilda um háskóla innan bandalagsins.

6. gr.

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn.
2. Nefndin ber ábyrgð á framkvæmd þessa samnings.
3. Fulltrúanefnd bandalagsins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmi milli framkvæmdar þessa samnings og ákvarðana sem bandalagið tekur um framkvæmd ERASMUS.
4. Í þeim tilgangi að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og, að beiðni annars hvors samningsaðila, ráðgast innan nefndarinnar.
5. Nefndin má skila áliti og ítarlegum vinnureglum um framkvæmd ERASMUS-áætlunarinnar hvað þátttöku Íslands varðar.
6. Nefndin setur sér sínar eigin starfsreglur.
7. Nefndina skipa fulltrúar frá bandalaginu annars vegar og fulltrúar Íslands hins vegar.
8. Nefndin starfar á grundvelli sameiginlegrar niðurstöðu.
9. Nefndin skal halda fundi að beiðni annars hvors samningsaðila í samræmi við þau skilyrði sem kveðið verður á um í starfsreglum hennar.

7. gr.

Ákvarðanir um val verkefna sem lýst er í viðauka I (1., 3. og 4. aðgerð) skulu teknar af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Ákvarðanir um veitingu ERASMUS-styrkja til nemenda sem flytjast frá íslenskum háskólum (2. aðgerð) skulu teknar af lögbæru yfirvaldi á Íslandi í nánu samstarfi við þátttakandi háskóla. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna mun láta fyrrgreindu lögbæru yfirvaldi í té vinnureglur vegna þessa.

8. gr.

Samningsaðilar skulu reyna að auðvelda frjálsa flutninga og búsetu námsmanna, kennara og stjórnenda háskóla sem flytjast milli Íslands og bandalagsins vegna þátttöku í starfsemi sem þessi samningur nær til.

9. gr.

Til að aðstoða framkvæmdastjórnina við árlega skýrslugerð um ERASMUS, svo og um fengna reynslu af framkvæmd áætlunarinnar, skal Ísland skila framlagi til framkvæmdastjórnarinnar þar sem lýst er þeim innanlandsaðgerðum sem gerðar hafa verið á Íslandi að þessu leyti. Íslandi skal sent eintak af þessum skýrslum.

10. gr.

Að því er varðar umsóknarferil, samninga, skýrslur, sem skilað er, og aðra umsýslu vegna ERASMUS-áætlunarinnar skulu opinber tungumál bandalagsins notuð.

11. gr.

Samningur þessi skal gilda annars vegar á þeim svæðum sem stofnsamningur bandalagsins er í gildi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar er kveðið á um og hins vegar á landsvæði lýðveldisins Íslands.

12. gr.

1. Samningur þessi gildir fimm skólaár frá gildistöku. Endurnýja má hann til annarra fimm ára með samþykki beggja samningsaðila. Ljúka skal við endurskoðun þessa samnings fyrir lok þriðja skólaársins eftir gildistöku.
2. Ef bandalagið endurskoðar ERASMUS-áætlunina má semja um þennan samning að nýju eða segja honum upp. Íslandi skal tilkynnt um alla efnisþætti hinnar endurskoðuðu áætlunar í einstökum atriðum innan viku frá samþykkt hennar af hálfu bandalagsins. Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum innan

þriggja mánaða frá samþykki ákvörðunar bandalagsins ef endurskoðun eða uppsagnar samningsins er óskað. Komi til uppsagnar skulu samningsaðilar semja sín á milli um framkvæmdaratriði varðandi skuldbindingar sem þá eru útistandandi.

3. Hvor samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á endurskoðun samningsins. Skal hann í þessum tilgangi leggja beiðni fyrir hinn samningsaðilann. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að athuga þessa beiðni og að leggja fram tillögur, þar sem við á, einkum með það í huga að hefja samningaumleitanir.

13. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum í samræmi við gildandi reglur hjá hvorum aðila. Að því tilskildu að samningsaðilar hafi tilkynnt hvor öðrum að nauðsynlegum formsatriðum í þessu skyni hafi verið framfylgt skal hann öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir slíka tilkynningu. Hafi slík tilkynning ekki borist fyrir lok septembermánaðar hvaða árs sem er, ganga ákvæði samningsins ekki í gildi fyrr en á öðru skólaári eftir slíka tilkynningu.

14. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir þessir textar jafngildi.

Gjört í Brussel, hinn níunda dag októbermánaðar nítján hundruð níutíu og eitt.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands	Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Hannes Hafstein	Horst Krenzler P.C. Nieman

Viðauki I

FYRSTA AÐGERÐ

Stofnun og starfræksla háskólanets innan Evrópu

1. Bandalagið mun vinna enn frekar að þróun evrópska háskólanetsins sem komið var á fót með ERASMUS-áætluninni með það að markmiði að örva nemendaskipti innan bandalagsins.

Evrópska háskólanetið verður samansett af þeim háskólum sem hafa, innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar, gert samning um skipulögð nemenda- og kennaraskipti við háskóla annarra aðildarríkja og tryggt að námstími utan heimaháskóla verði metinn að fullu.

Höfuðmarkmið samninga milli háskóla er að gefa nemendum eins háskóla kost á námsdvöl í að minnsta kosti einu aðildarríkjanna sem yrði að fullu metinn til lokaprófs nemandans. Hér gæti verið um að ræða nauðsynlegt undirbúningsnám í erlendu tungumáli svo og samvinnu kennara og starfsliðs skólanna við að undirbúa nemendaskiptin og gagnkvæmt mat á námstíma sem nemandi væri erlendis. Undirbúningsnám í erlenda tungumálinu skal þó hefja í heimalandinu fyrir brottför, ef nokkur kostur er.

Forgang fá verkefni um samþætt nám í öðru aðildarríki þar sem námstíminn er að fullu metinn. Fyrir hvert sameiginlegt verkefni fær háskóli sem tekur þátt í því aðstoð sem nemur allt að 25.000 ECU á ári að hámarki í 3 ár, í fyrstu háð reglulegri endurskoðun.

2. Aðstoð verður einnig veitt vegna kennaraskipta til að sinna samþættum kennsluverkefnum í öðrum aðildarríkjum.

3. Aðstoð verður einnig veitt til að þróa sameiginlegt námsefni í háskólum hinna ýmsu aðildarríkja í þeim tilgangi að auðvelda háskólunum viðurkenningu á náminu og miðla af reynslu sinni svo þeir geti lagt sitt af mörkum við að þróa ný og endurbætt námskeið í bandalaginu öllu.

4. Auk þess verða veittir styrkir, allt að 20.000 ECU, til háskóla sem standa fyrir öflugum en stuttum námskeiðum þar sem nemendum frá hinum ýmsu aðildarríkjum er kennt. Hér er um aukaaðstoð að ræða.

5. Bandalagið veitir einnig kennurum og stjórnendum háskóla aðstoð til að heimsækja önnur aðildarríki svo þeir geti undirbúið áætlanir um samþætt nám með háskólum þessara aðildarríkja og til að auka gagnkvæman skilning á þáttum kennslunnar á æðri menntastigum annarra aðildarríkja. Einnig verða veittir styrkir til að gera kennurum kleift að flytja röð sérhæfðra fyrirlestra í nokkrum aðildarríkjum.

ÖNNUR AÐGERÐ
ERASMUS-áætlunin um styrki fyrir nemendur

1. Bandalagið mun vinna frekar að áætlun um beinan fjárhagslegan stuðning við háskólanema, skilgreinda í gr. 1 (2) [1] sem eru í námi um tíma í öðru aðildarríki. Bandalagið tekur tillit til áætlaðs fjölda nemendaskipta innan evrópska háskólanetsins þegar heildarframlög vegna 1. og 2. aðgerðar verða ákveðin.

2. Veiting ERASMUS-styrkja til nemenda er í höndum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á evrópska háskólanetinu verða hverju aðildarríki greiddar að minnsta kosti 200.000 ECU (sem jafngilda um það bil 100 styrkjum); því sem eftir er skal úthlutað til hvers aðildarríkis eftir heildarfjölda nemenda í háskólum, svo sem skilgreint er í gr. 1 (2) [1], svo og heildarfjölda fólks á aldrinum 18 til 25 ára í aðildarríki, meðalkostnaði við ferð á milli heimalands nemandans og gistiháskólans og að auki mismuninn á framfærslukostnaði í landi heimaháskólans og landi gistiháskólans.

Bandalagið mun að auki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja jafna þátttöku í ólíkum greinum, til að taka tillit til eftirspurnar eftir námskeiðum og fjölda nemenda og til að fást við lausn einstakra vandamála, einkum er lýtur að fjármögnun tiltekinna styrkja, sem ekki er hægt að veita frá opinberri stofnun vegna eðlis námsins. Til slíkra aðgerða skal ekki fara meira en 5 af hundraði heildarfjárhagsáætlunar nemendastyrkjanna.

3. Yfirvöld aðildarríkjanna sem veita styrki skulu leggja fram styrki sem nema allt að 5.000 ECU á ári fyrir dvöl hvers nemanda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) styrkjunum er ætlað að greiða aukakostnað vegna tilflutninga, það er ferðakostnað, kostnað við undirbúning í öðru tungumáli eins og þörf krefur, og hærri framfærslukostnað í gistilandinu (þar með talið, þar sem það á við, aukin útgjöld vegna þess að námsmaður býr fjarri heimalandi sínu). Ekki er ætlað að styrkirnir standi undir öllum kostnaði við nám erlendis;

b) forgang fá þeir nemendur sem eru í námskeiðum í evrópska háskólanetinu samkvæmt 1. aðgerð, svo og þeir nemendur sem fá fluttar námseiningar samkvæmt kerfi námseiningamats Evrópubandalagsins (ECTS) í samræmi við 3. aðgerð. Einnig má veita öðrum nemendum styrki til náms utan háskólanetsins í öðru aðildarríki, hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna þess og að því tilskildu að þeir uppfylli hæfniskröfur.

c) styrkir eru því aðeins veittir að námstími í öðru aðildarríki sé að fullu metinn af háskóla nemandans í heimalandi hans. Þó má veita styrki í undantekningatilfellum ef námstími i í öðru aðildarríki er að fullu metinn af háskólanum sem veitir prófgráðuna þar, og að námið sé hluti af samningi milli háskóla samkvæmt 1. aðgerð;

d) nemendur þurfa ekki að greiða skólagjöld til gistiháskóla; styrkþegar skulu halda áfram að greiða skólagjöld til háskólans í heimalandi sínu þar sem það á við;

e) styrkir eru veittir til dvalar í öðru aðildarríki við háskólanám allt frá þremur mánuðum til eins skólaárs eða til lengri tíma en 12 mánaða sé um mjög samþætt nám að ræða. Að öllu jöfnu verða styrkir ekki veittir til náms á fyrsta ári í háskóla;

f) allir styrkir eða lán sem nemendur fá í heimalandi sínu verða greidd óskert áfram á meðan þeir eru við nám í gistiháskólanum sem ERASMUS-styrkur þeirra gildir fyrir.

ÞRIÐJA AÐGERÐ
Ráðstafanir til að stuðla að tilflutningi með viðurkenningu háskóla á prófskírteinum og námstíma

Bandalagið tekur að sér í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum að framkvæma eftirfarandi aðgerðir til að stuðla að tilflutningi, með viðurkenningu háskóla á prófgráðum og námstíma í öðrum aðildarríkjum:

1) gera ráðstafanir til að efla kerfi námseiningamats Evrópubandalagsins (ECTS) í tilraunaskyni og með frjálsri þátttöku til að gefa nemendum sem eru í eða hafa lokið æðra námi og þjálfun kost á að fá það viðurkennt af háskólum annars aðildarríkis. Takmarkaður fjöldi styrkja að fjárhæð allt að 20.000 ECU á ári verða veittir háskólum sem taka þátt í þessum undirbúningi;

[1]) Ákvörðun 87/326/EEC, sbr. ákvörðun 89/663/EEC.

2) gera ráðstafanir til að stuðla að upplýsingastreymi innan bandalagsins um viðurkenningu háskóla á prófgráðum og námstíma í öðru aðildarríki, einkum með því að efla í ríkjunum net upplýsingamiðstöðva Evrópubandalagsins um viðurkenningu háskólanáms; á hverju ári verða veittir styrkir að fjárhæð allt að 20.000 ECU til upplýsingamiðstöðva til að auðvelda þeim að geta skipst á upplýsingum, einkum með tölvum.

FJÓRÐA AÐGERÐ

Viðbótaraðgerðir til að efla nemendaskipti innan bandalagsins

1. Viðbótaraðgerðum er ætlað að fjármagna:

— stuðning við samtök og félög háskóla, kennara, stjórnendur eða nemendur innan Evrópu, einkum með tilliti til þess að kynna betur frumkvæði á sérstökum sviðum þjálfunar innan bandalagsins;

— útgáfu rita sem ætlað er að kynna fólki hvaða kostir bjóðast við nám og kennslu í öðrum aðildarríkjum eða til að draga athygli að mikilvægum breytingum og nýjungum í samstarfi háskóla innan bandalagsins;

— annað frumkvæði sem ætlað er að stuðla að samvinnu á milli háskóla á sviði námsþjálfunar innan bandalagsins;

— aðgerðir sem auðvelda dreifingu upplýsinga um ERASMUS-áætlunina;

— ERASMUS-verðlaun Evrópubandalagsins til þeirra nemenda, starfsmanna, háskóla eða ERASMUS-verkefna sem hafa skarað fram úr og stuðlað að aukinni samvinnu háskóla innan bandalagsins.

2. Kostnaður vegna 4. aðgerðar skal ekki vera umfram 5 af hundraði árlegrar fjárveitingar til ERASMUS-áætlunarinnar.

Viðauki II

FJÁRMÖGNUNARREGLUR

1. gr.

Gildandi fjárhagsreglugerð um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal gilda einkum um stjórnun fjárveitinga.

2. gr.

Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem ERASMUS-áætlunin er endurskoðuð þannig að valdi hækkun þeirrar upphæðar sem gert er ráð fyrir í fjárlögum Evrópubandalaganna til að framkvæma hana, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skrá í Evrópugjaldmiðli, ECU, og skal greiðast inn á ECU bankareikning framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í samræmi við fjárkröfuna og í síðasta lagi einum mánuði eftir að hún hefur verið send. Sérhver dráttur á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af hálfu Íslands af útistandandi upphæð frá gjalddaga. Vextir þessir eru þeir sömu fyrir gjalddagamánuðinn og (FECOM) (EFNC) leggur á fyrir starfsemi sína í Evrópugjaldmiðli, (ECU), ([1]) að viðbættu 1,5 prósentustigi.

[1]) Vextir sem auglýstir eru mánaðarlega í Stjórnartíðindum EB – C ritröð.

Fylgiskjal 2.

ORÐSENDINGASKIPTI

við undirritun samnings milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar

a. Orðsending ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands til ráðs Evrópubandalaganna

Brussel, 9.10.1991

Ég staðfesti hér með fyrir hönd lýðveldisins Íslands skilning okkar á því að heildarupphæðin sem Íslandi er veitt samkvæmt 2. aðgerð ERASMUS-aætlunarinnar verður ekki að sinni hærri en lágmark það sem getið er um í 2. tl. 2. aðgerðar, sbr. viðauka I við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar. Það er hins vegar ljóst að þessi ákvörðun kann að verða endurskoðuð af sameiginlegu nefndinni sem getið er um í samningnum.

Ég votta yður virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands
Hannes Hafstein

b. Svarorðsending ráðs Evrópubandalaganna

Brussel, 9.10.1991

Við staðfestum hér með fyrir hönd bandalagsins bréf yðar dags. í dag þar sem fram kemur eftirfarandi:

[Sjá orðsendingu hér á undan.]

Við staðfestum hér með fyrir hönd bandalagsins að þetta kemur heim og saman við skilning okkar á því hvernig samningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar skuli framkvæmdur.

Við vottum yður virðingu okkar.

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Horst Krenzler
P. C. Nieman

EXCHANGE OF LETTERS

to be signed on the occasion of the signature of the Agreement between the Republic of Iceland and the European Economic Community establishing Cooperation in the Field of Education and Training within the Framework of the ERASMUS Programme

a. Note from the Government of the Republic of Iceland to the Council of the European Communities

Brussels, 09.X.1991

Sirs,

I hereby confirm on behalf of the Republic of Iceland our understanding that the total amount allocated to Iceland under Action 2 of the ERASMUS Programme will, for the time being, not exceed the minimum referred to in paragraph 2 of Action 2 in Annex I to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland establishing cooperation in the field of education and training within the framework of the ERASMUS Programme. It is understood, however, that this situation shall be subject to review by the Joint Committee provided for in the Agreement.

Please accept, Sirs, the assurance of my highest consideration.

For the Government of the Republic of Iceland
Hannes Hafstein

b. Reply Note from the Council of the European Communities

Brussels, 09.X.1991

Sir,

We hereby acknowledge on behalf of the Community your letter of 9th October 1991 which reads as follows:

[See Note above.]

I confirm on behalf of the Community that this corresponds to our understanding of how the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland establishing cooperation in the field of education and training within the framework of the ERASMUS Programme should be implemented.

Please accept, Sir, the assurance of our highest consideration.

For the Council of the European Communities
Horst Krenzler
P. C. Nieman